

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Ólafsvík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	12.7.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Kjartan Elíasson	Staðsetning	277577,592 496940,924

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlitið. Tvær athugasemdir voru gerðar við stöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í eftirlit í olúbirgðastöð Olíudreifingar í Ólafsvík. Í stöðinni eru þrjú olúgeymar; T0103 sem er 542 m³ geymir frá 1973 sem geymir litaða gasolíu, T1006 sem er 540m³ geymir frá 1973 sem geymir litaða flotaolíu og T0168 sem er 538 m³ geymir frá 1965 sem geymir gasolíu.

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Ekki fundust neinar skráningar um eftirlit og þjónustu með olíuskiljunni.

Frárennsli frá olíuskilju var mælt með olúprófi Macherey Nagel og sttóðs frárennslið það próf.

Olúgeymar T0103 og T1006 voru botnþykktarmældir á síðustu 10 árum en komið er að mælingu á geymi T0168 en hann var síðast mældur 2006. Fram kom í eftirlitinu að botnþykktarmæla ætti geyminn í haust. Lögn nr. 355.60.00 var þrýstiprófuð 2013 en lögn nr. 355.70.00 var þrýstiprófuð 2014. Stóðust þær þá áraun. Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð. Viðbragðsáætlunin var tiltæk á starfsstöð en starfsleyfi stöðvarinnar og rekstrarhandbók voru ekki tiltækt á starfstöð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær). Áfyllingarplan var svo og skoðað. Þróarveggir og hlið í góðu lagi

ATHUGASEMDIR

Nauðsynlegt er að bæta skráningar við stöðina. Skrá þarf eftirlit og þjónustu við olíuskiljuna. Þetta er ítrekuð athugasemd síðan í síðasta eftirliti.

Athugasemd er einnig gerð við að starfsleyfi og rekstrarhandbók séu ekki aðgengileg á staðnum. Samkvæmt gr. 1.8 skal eintak af starfsleyfi ávallt vera tiltækt á vinnustað ásamt afstöðumynd af birgðastöð, flæðiriti af stöðinni með merkingum geyma og lagna, viðbragðsáætlun og rekstrarhandbók.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 31.08.2016

Sverrir Aðalsteinn Jónsson